

Smávirkjanaverkefnið

Verkefni ársins 2018



Febrúar

2019

Smávirkjanaverkefnið

Verkefni ársins 2018

Orkustofnun

Febrúar

2019

Útgefandi:
Orkustofnun, Grensásvegi 9, 108 Reykjavík
Sími: 569 6000, Fax, 568 8896
Tölvupóstur: os@os.is
Heimasíða: <http://www.os.is/>
Hönnun og uppsetning: Baldur Pétursson, Orkustofnun
Yfirllestur: Þórunn Erla Sighvats, Orkustofnun

Ritstjórn:
Erla Björk Þorgeirsdóttir

Þessi skýrsla er gefin út á vef Orkustofnunar
OS-2019-01
ISBN 978-9979-68-494-7
Efni skýrslunnar má nota, en þess er óskað að heimildar sé getið.

Febrúar 2019

Efnisyfirlit

1	INNGANGUR	5
2	NIÐURSTÖÐUR	5
3	UPPLÝSINGAVEITA Á VEF	6
3.1	ÝMSAR SKÝRSLUR	6
4	KYNNINGAR Á VERKEFNINU	6
5	VEFGÁTT	6
6	SJÓÐANDI LÁGHITI	7
7	ÚTBOÐ Á LANGÆISLÍNUM	7
8	ÞÁTTTAKA Í SÝNINGUNNI ÍSLENSKUR LANDBÚNAÐUR 2018	8
9	STYRKIR VEGNA SMÁVIRKJANAVERKEFNIS	9
10	ÁRANGUR AF SMÁVIRKJANAVERKEFNI ORKUSTOFNUNAR	10
11	VERKEFNI ÁRSINS 2019	11
12	VIÐAUKI 1 – ÚTGEFIN LEYFI Í TENGLUM VIÐ VATNSAFLSVIRKJANIR	11
12.1	ÚTGEFIN RANNSÓKNARLEYFI Í VATNSAFLI 11.1.2019	12
12.2	ÚTGEFIN VIRKJUNARLEYFI Í VATNSAFLI 11.1.2019	12
12.3	ÚTGEFIN RANNSÓKNARLEYFI Í VATNSAFLI 2018	12
12.4	ÚTGEFIN VIRKJUNARLEYFI Í VATNSAFLI 2018	12
12.5	ÚTGEFIN RANNSÓKNARLEYFI Í VATNSAFLI 2017	12
12.6	ÚTGEFIN VIRKJUNARLEYFI Í VATNSAFLI 2017	12
12.7	ÚTGEFIN RANNSÓKNARLEYFI Í VATNSAFLI 2016	12
12.8	ÚTGEFIN VIRKJUNARLEYFI Í VATNSAFLI 2016	13
12.9	ÚTGEFIN RANNSÓKNARLEYFI Í VATNSAFLI 2015	13
12.10	ÚTGEFIN VIRKJUNARLEYFI Í VATNSAFLI 2015	13
12.11	ÚTGEFIN RANNSÓKNARLEYFI Í VATNSAFLI 2014	13
12.12	ÚTGEFIN VIRKJUNARLEYFI Í VATNSAFLI 2014	13
12.13	ÚTGEFIN RANNSÓKNARLEYFI Í VATNSAFLI 2013	13
12.14	ÚTGEFIN VIRKJUNARLEYFI Í VATNSAFLI 2013	13
12.15	ÚTGEFIN RANNSÓKNARLEYFI Í VATNSAFLI 2012	13
12.16	ÚTGEFIN VIRKJUNARLEYFI Í VATNSAFLI 2012	14
12.17	ÚTGEFIN RANNSÓKNARLEYFI Í VATNSAFLI 2011	14
12.18	ÚTGEFIN VIRKJUNARLEYFI Í VATNSAFLI 2011	14
12.19	ÚTGEFIN RANNSÓKNARLEYFI Í VATNSAFLI 2010	14
12.20	ÚTGEFIN VIRKJUNARLEYFI Í VATNSAFLI 2010	14
12.21	ÚTGEFIN RANNSÓKNARLEYFI Í VATNSAFLI 2009	14
12.22	ÚTGEFIN VIRKJUNARLEYFI Í VATNSAFLI 2009	14

Myndaskrá

MYND 1 SYSTRAGILSVIRKJUN 70 kW	5
MYND 2 UPPLÝSINGAVEITA UM SMÁVIRKJANIR Á VEF ORKUSTOFNUNAR	6
MYND 3 ÞJÓNUSTUGÁTT ORKUSTOFNUNAR ER EFST TIL HÆGRI Á VEFSÍÐU STOFNUNARINNAR	6
MYND 4 FRAMKVÆMDIR VARMAORKU VIÐ KÓPSVATN.....	7
MYND 5 BÁS ORKUSTOFNUNAR Á ÍSLENSKUR LANDBÚNAÐUR 2018	8
MYND 6 GESTIR Á FYRIRLESTRUM Á VEGUM ORKUSTOFNUNAR Á ÍSLENSKUR LANDBÚNAÐUR 2018.....	8
MYND 7 STYRKÞEGAR 2018 ÁSAMT ORKUMÁLASTJÓRA	9
MYND 8 MYND ÚR KERFISÁÆTLUN LANDSNETS 2015 – 2025	10
MYND 9 FJÖLDI ÚTGEFINNA RANNSÓKNAR- OG VIRKJUNARLEYFA SÍÐASTLIÐIN 10 ÁR.....	11

1 Inngangur

Árið 2018 fékk Orkustofnun fjárhagslegan stuðning við hugmynd að smávirkjanaverkefni sem kynnt var í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti í desember 2016. Fjármagnið var vel nýtt til margvíslegra hluta, auk þess sem kraftar starfsmanna Orkustofnunnar voru nýttir til verksins.

Í upphafi árs var gerð áætlun um þau verkefni sem ætlunin væri að ráðast í og síðan var hafist handa. Byrjað var á því að koma upplýsingaveitu um verkefnið á vef stofnunarinnar á þessa [vefslóð](#).

Vorið 2018 voru haldnir fundir á Akureyri og Blönduósi og um haustið var einnig haldinn fundur í Borgarfirðinum til að kynna verkefnið. Fréttir bárust af því vorið 2018 að til stæði að virkja sjóðandi lágghita á Flúðum. Ákveðið var að fylgjast með því verkefni og kynna það. Til þess að gera upplýsingar um möguleika í sjóðandi lágghita aðgengilegar var þýddur hluti úr skýrslu um efnið, sem ÍSOR hafði unnið á ensku fyrir Orkustofnun.

Búin var til vefgátt fyrir virkjunarhugmyndir þar sem hver sem er getur óskað eftir því að stofnunin stilli upp hugmynd á sambærilegan hátt og gert var fyrir kosti sem Orkustofnun lagði fram fyrir þriðja áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar.

Það verkefni að reikna út langæislínur var boðið út. Í lok sumars var undirritaður samningur þess efnis við verkfræðistofuna Vatnaskil sem var með langsamlega lægsta tilboðið. Útreikningum var skilað í lok nóvember eins og um var samið og skýrsla á grundvelli útreikninganna er væntanleg vorið 2019.

Um vorið hafði forsvarsmáður sýningarinnar Íslenskur landbúnaður 2018 samband og ákveðið var að kynna smávirkjanaverkefnið þar.

Á árinu voru einnig auglýstir styrkir vegna smávirkjanaverkefnis og voru tveir styrkir veittir um haustið.

2 Niðurstöður

Framkvæmd smávirkjanaverkefnisins tókst með ágætum og standa vonir til þess að mælanlegur árangur sjáist af því í framtíðinni. Mikill áhugi var á verkefninu á öllum þeim fundum sem haldnir voru og var meðal annars fullt út úr dyrum á fundinum á Blönduósi.

Á sýningunni Íslenskur landbúnaður var mikil aðsókn í bás Orkustofnunar og á fyrirlestrunum á sýningunni þurfti að bæta við stólum í salinn til þess að allir gestir gætu sest.



Mynd 1 Systragilsvirkjun 70 kW

3 Upplýsingaveita á vef


Á þessari [vefslóð](#) er að finna margvíslegar upplýsingar fyrir þá sem vilja kynna sér smávirkjanir.

3.1 Ýmsar skýrslur

Undir valkostinum Ýmsar skýrslur var um áramótin 2018/2019 að finna eftirtaldir skýrslur:

1. Litlar vatnsaflsvirkjanir: kynning og leiðbeiningar um undirbúning
2. Minnisblað Veðurstofu Íslands langæislínur á völdum svæðum
3. Leiðbeiningar um mælingar á vatnsrennsli í smáám og lækjum
4. Leiðbeiningar um tilkynningaskyldar vatnsaflsvirkjanir með uppsett afl að 10 MW
5. Forathugun vatnsaflsvirkjunarkosta. Endurskoðun aðalskipulags Snæfellsbæjar
6. Meðalvermis-jarðhitasvæði á Íslandi: Vinnslumöguleikar varma- og raforku
7. Smávirkjanir: Stöðuskýrsla fyrir árið 2017
8. Frumúttekt á smávirkjanakostum á Norðurlandi vestra
9. Smávirkjunarkostir í Eyjafirði
10. Smávirkjanir í Dalvíkurbyggð
11. Tillögur að smávirkjunum á Vestfjörðum

Til stendur að bæta gögnum í þennan sarp og kynna það sem gert hefur verið með skilvirkum hætti.



Mynd 2 Upplýsingaveita um smávirkjanir á vef Orkustofnunar

4 Kynningar á verkefninu

Á árinu 2018 var óskað eftir kynningu á smávirkjanaverkefninu á þremur stöðum á landinu, það var á Akureyri, Blönduósi og síðan af hálfu Landssamtaka raforkubænda sem hélt aðalfund sinn í Borgarfirði. Á fund Landssamtaka raforkubænda mættu meðal annars fulltrúar frá öllum stærstu verkfræðistofunum.

5 Vefgátt

Undir liðnum Smávirkjanir á vef Orkustofnunar er að finna nákvæmar leiðbeiningar um hvernig hægt er að koma hugmyndum um smávirkjanir í vatnsafla á framfæri í gegnum þjónustugátt stofnunarinnar.



Mynd 3 Þjónustugátt Orkustofnunar er efst til hægri á vefsíðu stofnunarinnar

Því miður bárust ekki mjög margar hugmyndir til stofnunarinnar í gegnum vefgáttina, þrátt fyrir að hún væri auglýst nokkrum sinnum í Bændablaðinu sumarið 2018 og fram á haust.

6 Sjóðandi lághiti

Vorið 2018 bárust fregnir af því að fyrirtækið Varmaorka hygðist koma á laggirnar virkjun sem myndi nýta lághita á Flúðum til þess að framleiða rafmagn.

Orkustofnun hafði samband við forsvarsmenn fyrirtækisins og hefur fengið að fylgjast með verkefninu. Í kjölfarið var ákveðið að einblína ekki á vatnsafl þar sem smávirkjanir eru annars vegar. Var ákveðið að þýða fjórða kafla skýrslunnar *Medium Enthalpy Geothermal Systems in Iceland – Thermal and Electric Potential* frá árinu 2016 eftir Björn Má Sveinbjörnsson yfir á íslensku.

Þessa skýrslu er að finna á þessari [vefslóð](#) sem er hluti af smávirkjanaupplýsingunum sem safnað hefur verið saman. Í skýrslunni má finna yfirlit yfir margar af þeim borholum sem hugsanlega mætti nýta með sama hætti og Varmaorka er að nýta gamla borholu á Flúðum.



Mynd 4 Framkvæmdir Varmaorku við Kópavatn

7 Útboð á langæislinum

Vorið 2018 höfðu einungis borist tvær tillögur að smávirkjunum í gegnum vefgátt Orkustofnunar. Tillögurnar vörðuðu hugmyndir að litlum virkjunum á Vestfjörðum. Á þessum tíma voru sveitarfélög búin að láta vinna nokkrar skýrslur um möguleika á virkjunum í sínum landshlutum. Um er að ræða skýrslur um Snæfellsnes, Dalvík og Eyjafjörð. Ákveðið var að velja álitlegustu kostina í þessum skýrslum og láta reikna út langæislinur fyrir þá.

Þegar tilboð voru opnuð kom í ljós að tilboð Vatnaskila var langsamlega lægst og því var gengið til samninga við Vatnaskil sem skilaði af sér umsömdum gögnum og upplýsingum í lok nóvember 2018.

Skýrslu Vatnaskila er að [finna hér](#):


Sem stendur er verið að vinna úr þeim gögnum og má vænta nýrrar skýrslu um smávirkjanir á vordögum 2019.

8 Þátttaka í sýningunni Íslenskur landbúnaður 2018

Vorið 2018 hafði forsvarsmaður sýningarinnar Íslenskur landbúnaður 2018 samband við Orkustofnun og kynnti þann möguleika að stofnunin tæki þátt sýningunni.

Ákveðið var að leigja bæði bás og halda fyrirlestra á sýningunni. Þar væri vettvangur til að hitta bændur sem hugsanlega ættu þess kost að virkja á sínu landi.

Um hundrað þúsund gestir komu í heimsókn á sýninguna sem haldin var í Laugardalshöll helgina 12. – 14. október.



Mynd 5 Bás Orkustofnunar á Íslenskur landbúnaður 2018

Orkustofnun kynnti smávirkjanaverkefni stofnunarinnar. Auk þess var fulltrúi Landsambands raforkubænda til staðar í sýningarbásnum og fyrirtækið Varmaorka sem sérhæfir sig í nýtingu á sjóðandi lághita til raforkuframleiðslu kynnti sína starfsemi.

Á sýningunni kom fram mikill áhugi á gagnlegum upplýsingum um verkefnið og hvar þær væri að finna. Víða um land eru aðstæður sem gefa kost á virkjun vatnsfalla eða jarðvarma til raforkuframleiðslu.

Á annað hundrað manns skráði sig á tölvupóstlista og munu þeir aðilar fá fregnir af því þegar nýjar upplýsingar koma inn á vef stofnunarinnar varðandi verkefnið.



Mynd 6 Gestir á fyrirlestrum á vegum Orkustofnunar á Íslenskur landbúnaður 2018

Mikil aðsókn var að kynningum um smávirkjanir og fullur salur af fólki fylgdist með erindum. Erindin sem flutt voru á sýningunni er að finna á vef stofnunarinnar á þessari [vefslóð](#).

Erindin voru þrjú og eru eftirfarandi.

Smávirkjanaverkefni Orkustofnunar, Erla Björk Þorgeirsdóttir, verkefnisstjóri hjá Orkustofnun
Smávirkjanir nútímans, Birkir Þór Guðmundsson, framkvæmdastjóri AB fasteigna
Raforkuframleiðsla úr sjóðandi lághita, Ragnar Sær Ragnarsson framkvæmdastjóri Varmaorku

9 Styrkir vegna smávirkjanaverkefnis

Ákveðið var að veita tvo styrki til þeirra sem stunda rannsóknir á meistarastigi, svo fremi sem verkefnið styddi við smávirkjanaverkefni Orkustofnunar. Úthlutunarreglur voru auglýstar á vef stofnunarinnar og þar var umsóknareyðublað jafnframt gert aðgengilegt.

Markmið styrkveitinganna er að auka aðgengilegar og gagnlegar rannsóknir fyrir þá sem hyggjast nýta landgæði til framleiðslu raforku í byggðum landsins.

Vonir standa til þess að með nýjum verkefnum og rannsóknum á þessu sviði, megi stuðla að auknu raforkuframboði og raforkuöryggi út um land og gefa landeigendum kost á að nýta betur landgæði.

Auglýst var eftir umsóknum um styrki í vorið 2018 og rann umsóknarfrestur út þann 15. september s.l. Aðeins bárust tvær umsóknir og var ákveðið að veita báðum umsækjendum styrk að upphæð 500.000 krónur þar sem verkefnið þóttu bæði áhugaverð og gagnleg.

Styrkina hlutu:

Hrafnhildur Jónsdóttir, vegna verkefnisins *Áhrif lögbundinna reglna og kvaða sem sett eru á smávirkjanir í undirbúningsferlinu*.

Christian Patrick DiBari vegna verkefnisins Orkuöryggi á norðlægum slóðum, Rannsókn á endurnýjanlegri orku í Grímsey. Verkefnið verður unnið á ensku með heitinu *Energy security in the Arctic: A Case Study of Renewable Energy on Grímsey Island*.

Orkumálastjóri dr. Guðni A. Jóhannesson afhenti styrkina fyrir hönd Orkustofnunar.



Mynd 7 Styrkþegar 2018 ásamt orkumálastjóra


10 Árangur af smávirkjanaverkefni Orkustofnunar

Ekki verður hægt að mæla árangur smávirkjanaverkefnisins á meðan á því stendur með því að telja hversu mörg leyfi eru gefin út fyrir virkjunum á meðan á verkefninu stendur. Ástæðan er sú að undirbúningstími fyrir nýjar virkjanir er svo langur að þær hugmyndir sem kvikna næstu árin verða tæplega komnar í framkvæmd þegar verkefninu lýkur eftir þrjú ár.

Orkustofnun vakti athygli á því hvort ekki væri vert að skoða möguleika til smávirkjana með fundarhöldum þegar árið 2016 áður stofnunin fékk sérstaka fjárveitingu til verkefnisins. Í kjölfarið vaknaði umræða um orkumál og sveitarfélög hafa mörg hver áttað sig á því að ríkisvaldið hlutast ekki til um virkjanir lengur. Raforkuframboð byggir á einkaframtaki og ef ekki næst samstaða um að fá að leggja flutningslínur um landið þá er orkuöryggi víða ógnað.

Orkustofnun hefur kynnt ástandið í flutningsmálum út um land með því að fara yfir mynd frá Landsneti sem var í Kerfisáætlun þeirra fyrir nokkrum árum. Ástandið hefur því miður ekkert breyst. Eins og sjá má er víðast um land ekki hægt að bæta neinu álagi á flutningskerfi raforku og því verður orka ekki flutt til eða frá þessum stöðum á landinu án þess að til komi styrking á kerfinu.


Þessar flutningstakmarkanir hafa um nokkurra ára skeið hindrað uppbyggingu á Akureyri og nágrenni og ef ekkert er að gert þá mun ástandið enn versna. Hugsanlega er hægt bæta úr ástandinu með uppbyggingu á smávirkjunum þar sem orkuskortur er fyrirséður eða er þegar til staðar. Það myndi þá mögulega léttja á álagi á flutningskerfið.



MYND 3-15: MAT Á MÖGULEGRI ÁLAGSAUKNINGU AFHENDINGARSTAÐA Í NÚVERANDI MEGINFLUTNINGSKERFI.

Mynd 8 Mynd úr Kerfisáætlun Landsnets 2015 – 2025

Síðan 2016 hefur ýmislegt gerst og verður sennilega besti mælikvarðinn í framtíðinni fjöldi rannsóknar- og virkjunarleyfa. Til þess að skoða hvernig þróunin hefur verið í þeim efnum var síðasti áratugur skoðaður í þessu tilliti og má sjá um hvaða leyfi er að ræða í Viðauka aftast í þessari skýrslu.



Mynd 9 Fjöldi útgefinna rannsóknar- og virkjunarleyfa síðastliðin 10 ár

Eins og sjá má var metfjöldi umsókna um rannsóknarleyfa vegna vatnsaflsvirkjunarkosta árið 2016. Hugsanlega var það vegna þess að þá var þriðji áfangi rammaáætlunar lagður í fyrsta sinn fram til afgreiðslu á Alþingi. Markaðurinn kann að hafa ætlað að drífa af rannsóknir vegna næsta áfanga í áætluninni eða til þess að skoða smærri virkjunarkosti sem ekki féllu undir hana.

Árið 2017 var metár í útgáfu leyfa en sama ár og met var slegið í umsóknum um rannsóknarleyfi var ekki gefið út eitt einasta virkjunarleyfi. Þar sem smávirkanaverkefnið hefur aðeins staðið í eitt ár og fjöldi leyfa er ekki mikill er ekki hægt að segja neitt marktækt um það hvort verkefnið hafi haft áhrif.

Margvísleg umræða um raforkumál hefur farið af stað víða um land eins og sjá má af upptalningu á þeim skýrslum sem Orkustofnun hefur safnað saman á vef sinn og fjallað er um í kaflanum. 3.1 Ýmsar skýrslur.

11 Verkefni ársins 2019

Á árinu 2019 er ýmislegt í bígerð. Áfram verður kallað eftir hugmyndum að virkjunarkostum. Unnið verður úr gögnum Vatnaskila og gefin út skýrsla með yfirliti yfir álitlega virkjunarkosti. Hugmyndin er aðfla upplýsinga um smávirkanir í Noregi og halda áfram að miðla upplýsingum. Stefnt er að því halda ráðstefnu um smávirkanir í haust auk þess sem aftur er ætlunin að veita tveimur meistaranemum styrki. Fulltrúi Orkustofnunar er ávallt reiðubúinn til skrafs og ráðagerða við sveitarfélög og áhugasama um allt land.

12 Viðauki 1 – Útgefin leyfi í tengslum við vatnsaflsvirkjanir

Á vef Orkustofnunar er að finna upplýsingar um útgefin leyfi á þessari [vefslóð](#).

Ef skoðað er hversu mörg rannsóknar- og virkjunarleyfi hafa verið gefin út á undanförunum árum, getur það mögulega gefið vísbandingu um hvort marktækur munur verði á þróun mála frá 2018 og í kjölfar þess að smávirkanaverkefninu lýkur eftir 3 ár.

Í þessum viðauka er búið að flokka úr listanum á heimasíðu Orkustofnunar rannsóknarleyfi og virkjunarleyfi í vatnsafli fyrir 10 ára tímabil frá 2009 til 2018.

12.1 Útgefin rannsóknarleyfi í vatnsafli 11.1.2019

1. Rannsóknarleyfi til handa Orkusölnni ehf., vegna áætlana um virkjun Kaldár og Ásdalsár í Jökulsárhlið.

12.2 Útgefin virkjunarleyfi í vatnsafli 11.1.2019

1. Virkjunarleyfi Tjarnavirkjunar ehf. fyrir vatnsaflsvirkjun í Eyjafjarðará, í Eyjafjarðarsveit.

12.3 Útgefin rannsóknarleyfi í vatnsafli 2018

1. Rannsóknarleyfi til handa Orkusölnni ehf, vegna áætlana um virkjun Köldukvíslar á Austur Héraði.
2. Rannsóknarleyfi til handa Orkusölnni ehf, vegna áætlana um fjögurra MW uppsett afl virkjunar fallvatns frá Ódáðavötnum niður í Suðurdal Skriðdals á Fljótsdalshéraði.
3. Rannsóknarleyfi til handa Orkusölnni ehf. vegna áætlana um 2-3ja MW Gilsárvirkjun á Héraði.
4. Rannsóknarleyfi til handa Orkusölnni ehf. vegna áætlana um Bessastaðaárvirkjun í Fljótsdal.
5. Rannsóknarleyfi til handa Orkusölnni ehf. vegna áætlana um Tungudalsvirkjun í Fljótum, Sveitarfélaginu Skagafirði.

12.4 Útgefin virkjunarleyfi í vatnsafli 2018

1. Virkjunarleyfi til handa AB - Fasteignir ehf. fyrir Úlfsárvirkjun, á Dagverðardal í Ísafjarðarbæ.

12.5 Útgefin rannsóknarleyfi í vatnsafli 2017

1. Leyfi til handa Arctic Hydro ehf., til stækkunar á rannsóknarsvæði á vatnasviði Geitdalsár í Fljótsdalshéraði.
2. Rannsóknarleyfi til handa Landsvirkjun vegna áætlana um mögulega virkjun á vatnasviði efsta hluta Stóru-Laxár í Hrunamannahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi.
3. Rannsóknarleyfi til handa Fallorku ehf. vegna áætlana um Kambfellsvirkjanir á vatnasviði Hagár og Hraunár í Eyjafjarðarsveit.
4. Rannsóknarleyfi til handa Fallorku ehf. vegna áætlana um Djúpadalsvirkjun III á vatnasviði Djúpadalsár í Eyjafjarðarsveit.
5. Rannsóknarleyfi til handa Orkubúi Vestfjarða ohf. vegna áætlana um 3ja MW Helluvirkjun í Vatnsfirði í Vesturbyggð.
6. Framlenging á rannsóknarleyfi Vestur Verks ehf. fyrir Hvalárvirkjun í Ófeigsfirði.

12.6 Útgefin virkjunarleyfi í vatnsafli 2017

1. Virkjunarleyfi til handa Ferðaþjónustunni Húsafelli ehf fyrir Urðarfellsvirkjun á Húsafelli.
2. Virkjunarleyfi fyrir Glerárvirkjun II, Akureyrarbæ.
3. Virkjunarleyfi til handa AB - Fasteignir ehf. fyrir Þverárvirkjun, Önundarfirði, Ísafjarðarbæ.
4. Virkjunarleyfi til handa AB - Fasteignir ehf. fyrir Kaldárvirkjun, Önundarfirði, Ísafjarðarbæ.
5. Virkjunarleyfi til handa HS Orku hf. fyrir Brúarvirkjun.

12.7 Útgefin rannsóknarleyfi í vatnsafli 2016

1. Framlenging á rannsóknarleyfi Vestur Verks ehf. á vatnasviði Þverár á Langadalsströnd við Ísafjaðardjúp, vegna svonefndrar Skúfnvatnsvirkjunar.
2. Rannsóknarleyfi vegna áætlana um 6,8 MW Mjólka VI, „virkjun vatna á aðrennslissvæði Skötufjarðar til Mjólkár“.
3. Rannsóknarleyfi vegna áætlana um 20 MW Glámuvirkjun á vatnasviði í Kjálkafirði, Vattarfirði og Ísafirði.
4. Rannsóknarleyfi vegna áætlana um rannsóknir á vatnasviði Fellsár og Kelduár í Fljótsdalshreppi vegna fyrirhugaðrar Kiðufellsvirkjunar.

5. Rannsóknarleyfi vegna áætlana um rannsóknir á vatnasviði Geitdalsár vegna fyrirhugaðrar Geitdalsvirkjunar.
6. Rannsóknarleyfi til handa Dalsorku ehf. vegna áætlana um rennslismælingar í Selá í Súgandafirði, Ísafjarðarbæ.
7. Rannsóknarleyfi til handa Arctic Hydro ehf. vegna áætlana um 30-70 MW virkjun á vatnasviði Hamarsár í Djúpavogshreppi.
8. Rannsóknarleyfi til handa Arctic Hydro ehf. vegna áætlana um Djúparvirkjun á vatnasviði Djúpar í Skaftárhreppi.
9. Rannsóknarleyfi til handa VesturVerk ehf. vegna áætlana um virkjun Hundsár og Hestár við Ísafjarðardjúp í Súðavíkurhreppi.
10. Rannsóknarleyfi til handa VesturVerk ehf. vegna áætlana um Hvanneyrardalsvirkjun við Ísafirði í Súðavíkurhreppi.
11. Rannsóknarleyfi til handa Arctic Hydro ehf. vegna áætlana um Dimmugljúfursvirkjun á vatnasviði Hafralónsár í Svalbarðshreppi og Langanesbyggð.

12.8 Útgefin virkjunarleyfi í vatnsafli 2016

1. Engin virkjunarleyfi voru gefin út árið 2016

12.9 Útgefin rannsóknarleyfi í vatnsafli 2015

1. Rannsóknarleyfi vegna áætlana um virkjun Hafnardalsár í Langadalsströnd við Ísafjarðardjúp í Strandabyggð.
2. Rannsóknarleyfi vegna áætlana um Hvalárvirkjun í Ófeigsfirði, Árneshreppi.
3. Rannsóknarleyfi vegna áætlana um Skúfnavatnavirkjun á Langadalsströnd við Ísafjarðardjúp í Strandahreppi.
4. Rannsóknarleyfi vegna áætlana um Austurgilsvirkjun á vatnasviði Selár við Ísafjarðardjúp.

12.10 Útgefin virkjunarleyfi í vatnsafli 2015

1. Virkjunarleyfi til að stækka Búrfellsvirkjun um 100 MW.
2. Leyfi til að reisa og reka Mosvallavirkjun í Svelgsá, Helgafellssveit.
3. Leyfi til að reisa og reka Gönguskarðsárvirkjun á Sauðárkróki í Sveitarfélaginu Skagafjörður.

12.11 Útgefin rannsóknarleyfi í vatnsafli 2014

1. Rannsóknarleyfi vegna áætlunar um virkjun í Tungufljóti, Biskupstungum, Bláskógabyggð.

12.12 Útgefin virkjunarleyfi í vatnsafli 2014

1. Virkjunarleyfi fyrir Fossárvirkjun, Engidal í Skutulsfirði.
2. Leyfi til að reisa og reka vatnsaflsvirkjun í Köldukvísl á Tjörnesi, Tjörneshreppi.
3. Leyfi til að reisa og reka Bugavirkjun við Eystri Leirárgarða, Hvalfjarðasveit.

12.13 Útgefin rannsóknarleyfi í vatnsafli 2013

1. Rannsóknarleyfi vegna áætlunar um virkjun á efri hluta vatnasviðs Skjálfandafljóts í Þingeyjarsveit.
2. Rannsóknarleyfi á vatnasviði Farsins við Hagavatn.
3. Rannsóknarleyfi vegna áætlunar um Búðartunguvirkjun í Hvítá í Árnessýslu.

12.14 Útgefin virkjunarleyfi í vatnsafli 2013

1. Virkjunarleyfi fyrir 1800 kW Rjúkandavirkjun í Fossá við Ólafsvík, Snæfellsbæ.

12.15 Útgefin rannsóknarleyfi í vatnsafli 2012

1. Rannsóknarleyfi vegna áætlunar um virkjun á efri hluta vatnasviðs Stóru Laxár í Hrunamannahreppi og Skeiða - og Gnúpverjahreppi.
2. Rannsóknarleyfi á vatnasviði við Hágöngulón á Holtamannaafretti.

12.16 Útgefin virkjunarleyfi í vatnsafli 2012

1. Virkjunarleyfi fyrir Breiðadalsvirkjun, til handa Orkuvinnslunni ehf.
2. Leyfi til að reisa og reka vatnsaflsvirkjun í Rangá við Skógargærði.

12.17 Útgefin rannsóknarleyfi í vatnsafli 2011

1. Leyfi til rannsókna á vatnasviði Svartár í Bárðardal.

12.18 Útgefin virkjunarleyfi í vatnsafli 2011

1. Engin virkjunarleyfi voru gefin út í vatnsafli árið 2011.

12.19 Útgefin rannsóknarleyfi í vatnsafli 2010

1. Leyfi til rannsókna á vatnasviði Ölfusár við Selfoss sem og á afmörkuðum svæðum á landi.
2. Leyfi til rannsókna á vatnasviðum Skaftár og Tungufljóts í Skaftártungu til handa Suðurorku ehf.

12.20 Útgefin virkjunarleyfi í vatnsafli 2010

1. Leyfi til stækkunar Mjólkárveikvirkjunar í Arnarfirði úr 10 MW í rafmagni í 12,05 í rafmagni.

12.21 Útgefin rannsóknarleyfi í vatnsafli 2009

1. Rannsóknarleyfi á vatnasviði Hólmsár í Skaftártungu til handa Landsvirkjun og RARIK ehf.

12.22 Útgefin virkjunarleyfi í vatnsafli 2009

1. Leyfi til að reisa og reka 715 kW Árteigsvirkjun 5 til handa Raflæk ehf.

